

Skólaráðsfundur 13. febrúar 2017

Mættir eru: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir, Freyja Ólafsdóttir, Ólöf Kristín Sívertsen, Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir, Erla Björnsdóttir, Óskar Kristjánsson, Embla Líf Hallsdóttir, fulltrúi nemenda, Daníela Grétarsdóttir, fulltrúi nemenda.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Fulltrúar nemenda í skólaráði - Jóhanna skólastjóri kynnir fulltrúa nemenda í skólaráði. Embla Líf Hallsdóttir er nemandi í 10.bekk og er einnig formaður nemendaráðs. Hún er kjörin til vors 2017. Daníela Grétarsdóttir er í 9.bekk og er kjörin til vors 2018. Þær sögðu stuttlega frá því sem er á döfinni í félagsstarfi skólans, m.a. frá böllum sem eru væntanleg, árshátíð og fleiru. Þá sögðu þær einnig frá því að nemendur í leiklistarvali muni setja upp söngleikinn Gauragang og verður hann sýndur í apríl. Spurt var hvort foreldrar geti á einhvern hátt stutt við nemendastarfið í skólanum og í framhaldi af þeirri umræðu voru þær hvattar til að sækja um styrki hjá foreldrafélagi Lágafellsskóla.
2. Nýr fulltrúi foreldra í skólaráði – Jóhanna kynnti einnig Óskar Kristjánsson sem er nýr fulltrúi foreldra í skólaráði og er hann kjörin til vors 2018.
3. Snjallsímanotkun nemenda á skólatíma – Jóhanna sagði frá því að ákveðið hafi verið að fara í harðari aðgerðir varðandi snjallsímanotkun nemenda en verið hefur núna fyrir helgina. Foreldrar hafa fengið bréf þess efnis auk þess sem skólastjóri og deildarstjóri elsta stigs hafa kynnt nýjar reglur fyrir nemendum. Nýlega var lokað fyrir gestanet nemenda m.a. vegna þess að mikið var verið að hlaða niður efni á kostnað skólans. Kennarar geta aftur á móti óskað eftir netaðgangi fyrir nemendur til náms og fá þeir þá lykilorð hjá kerfisstjóra sem gildir einungis í ákveðinn tíma. Símanotkun hefur einnig truflað nemendur í náminu og kennara í kennslu auk þess sem nemendur hafa verið að taka upp kennslustundir og senda á netið í beinni sem er brot á persónuverndarlögum. Núna eru reglurnar þannig að nemandi slekkur á símanum þegar hann kemur í kennslustund og hefur val um að geyma hann í töskunni eða í boxi í kennaraborði. Þei mega nota símann sinn í frímínútum og nemendur á elsta stigi mega nota hann í matsal. Ef brot er á reglunum fer kennari með síma til deildarstjóra og hringt er í foreldra en ef nemandi neitar að afhenda símann sinn er honum vísað til deildarstjóra sem hringir beint í foreldra. Spurt var hvort símar ættu ekki líka að vera bannaðir í matsal hjá unglingastigi svo það sama gengi yfir alla og segir Jóhanna það jafnvel verða skoðað en að mikilvægt sé að setja reglur sem hægt sé að framfylgja. Rætt um að nemendum finnist gott að hafa símann sinn í frítíma en einnig rætt um mikilvægi þess að spjalla saman og styrkja félagslega þátt nemenda.
4. Staðfest skóladagatal 2017-2018 – Jóhanna segir frá því að Fræðslunefnd Mosfellsbæjar hafi staðfest skóladagatal 2017-2018. Sagt frá vetrarfrí og starfsdögum það skólaár. Spurt hvort hver skóli fyrir sig hafi ekkert svigrúm til að hafa t.d. starfsdaga þegar þeim hentar en segir Jóhanna lagt upp með að þetta sé samræmt milli skóla og svo leikskóla og að það hafi gengið vel upp hingað til. Einu undantekningar séu ef starfsfólk skóla sé að fara í námsferð erlendis.
5. Vegvísir að aðgerðaáætlun fyrir Mosfellsbæ í samræmi við bókun í kjarasamningi kennara – Jóhanna segir frá bókun vegna vinnumats í síðasta kjarasamningi kennara þar sem hvert sveitarfélag fer í ákveðna aðgerðaráætlun þar sem að rýnt er í það hvað það er sem veldur óánægju kennara og hvernig er hægt að koma til móts við þá og finna leiðir til úrbóta. Hver rýnihópur skal samstanda af a.m.k. þremur kennurum en í Lágafellsskóla/Mosfellsbæ var

lagt upp með að hafa rýnihópin stærri eða tvo kennara af hverju stigi, ípróttakennara og list- og verkgreinakennara, sérgreinakennara eða alls 9 kennarar auk trúnaðarmanna kennara. Þann 30.mái næstkomandi skilar hvert sveitarfélag frá sér skýrslu frá rýnihópum sem er hugsað sem veganesti í næstu samningagerð kennara sem verður næsta ár því núverandi kjarasamningur gildir í ár. Spurt var hvort foreldrar geti á einhvern hátt sýnt kennurum stuðning hvað þetta varðar og var í því samhengi m.a. rætt um að foreldrar gætu til að mynda lýst yfir stuðningi við kennara og að mikilvægt væri að foreldrar tali vel um skólann, kennarana og skólastarfið almennt, þeir sýndu velvilja og hvatningu, væru jákvæðir og sýndu því stuðning að meginþáttur í starfi kennara sé kennsla og undirbúningur kennslu.

6. Önnur mál.

- a. Gervigrasvöllur – Jóhanna sendi nýlega fyrirspurn varðandi gervigrasvöll og fékk þau skilaboð að skipt verði um gervigras á velli Lágafellsskóla í maí á þessu ári.
- b. Höfðaberg – Rætt var um áhyggjur foreldra varðandi vöruflutninga þar sem stórum flutningabílum er bakkað nálægt skólanum á sama tíma og börnin eru að koma í skólann. Foreldrafélag hefur fengið fyrirspurnir um þetta og er það ósk foreldra að komið sé með vörur á öðrum tíma dags og mun Jóhanna taka þetta upp aftur á Höfðabergi. Nú er verið að leggja lokahönd á svokallaðan snúningshring og hefur skólastjóri ákveðnar efasemdir um að t.d. rútan komist þarna að því beygjan er mjög kröpp og hefur hún óskað eftir fundi hvað það varðar.
- c. Kynning vegna samræmda prófa – hugmynd kom upp um hvort hægt sé að hafa kynningu fyrir foreldra á niðurstöðum samræmdra prófa. Ekki hefur verið formleg kynning á niðurstöðum þeirra en talað er um að mikilvægt sé að foreldrar séu meðvitaðir um þær því þetta varðar okkur öll. Mun það verða skoðað. Það sama á við um lestrarárangur nemenda, þ.e. að mikilvægt sé að kynna fyrir foreldrum hvernig t.d. hlé lesturs yfir sumartímamann hafi áhrif á árangur í lestri. Jóhanna segir frá því að verið sé að safna gögnum um þetta og hugmyndin sé að senda þær upplýsingar á foreldra myndrænt og staðan sýnd hjá nemendum í maí 2016, september sama ár og svo í janúar 2017. Hún segir frá því að árangur sé jákvæður núna eftir að ný lestrarstefna var tekin upp.
- d. Varðandi afmælisárið. Ólöf kemur með hugmynd frá foreldrafélagi að gaman væri að foreldrar gæfu ekki bara gjöf til skólans heldur geti t.d. tekið þátt eða komið með einhverjum hætti að skólastarfinu t.d. Lágafellsleikum, Fjölgreindaleikum eða Þemavíku. Eitthvað sem væri gaman að ræða og finna út úr.
- e. Embla Líf spyr hvort skólinn eigi posa en svo er ekki. Hún telur það geta verið mjög gagnlegt t.d. í matsal, á böllum og á fleiri atburðum (kökusölum, bingó o.fl.) en nú eru krakkarnir að skrifa á sig. Rædd sú hugmynd hvort að foreldrafélagið geti skoðað þetta mál og komið að þessu en athuga þarf kostnað og ut anumhald. Embla Líf spurði einnig hvort hægt sé að eiga til skyr eða eitthvað þessháttar fyrir þá sem gleyma nesti í staðinn fyrir að krakkarnir fari út í sundlaug. Hugmynd rædd um að hægt væri t.d. að útbúa einhverskonar klippikort.
- f. Ólöf minnr á páskabingó 1. apríl en þá er 10.bekkur með fjáröflun og er bingóið eftir kl.16:00.
- g. Á næsta fundi verður m.a. farið yfir niðurstöður eineltiskönnunar og lestrarárangur. Fundurinn verður á Höfðabergi og er hugmyndin að skoða í leiðinni aðstöðuna þar.

Fundarritari: Erla Björnsdóttir.